

ANNA GUÐRÚN JÓNASDÓTTIR

Hvers konar kraftur er ástarkrafturinn?

Upphafspunkturinn hlýtur að vera fullur jöfnuður karla og kvenna, en slíkur jöfnuður hlýtur að vera uppspretta allra annarra forma jafnréttis [í heimi kynlífs og nándar].¹

Ástin – eða öllu heldur hugtakið „ástarkraftur“ – er kjarninn í greiningu minni á „formlegu jafnrétti í karlveldinu,“ en með henni reyni ég að skýra hvers vegna karlmenn ráða enn ferðinni í vestrænum samfélögum nútímans. Ég hóf þessa vinnu árið 1980 og gaf út bók mína *Love Power and Political Interests. Towards a Theory of Patriarchy in Contemporary Western Societies* 1991 (hér eftir nefnt *LP*).² „Ástin“, hvort sem hún er kynferðisleg eða af öðrum toga, var þó ekki í brennidepli til að byrja með.³ Ég vildi svara þeirri spurningu

¹ Jeffrey Weeks, *The World We Have Won. The Remaking of the Erotic and Intimate Life*, London og New York Routledge, 2007, bls. 7.

² Vísað er til útgáfunnar frá 1994 [*Why Women are Oppressed*], Philadelphia: Temple University Press] sem er aðeins endurskoðuð lítillega. Meginhluti bókarinnar var saminn á árunum 1983 til 1988. Á sömu árum voru flestir kaflarnir tilefni fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum eða greina og bókarkafila.

³ Þetta bæði tengir verk mín við og greinir þau frá vaxandi fjölda ritverka um nánd, kynlíf og ást sem komu út á tíunda áratugnum og síðar, t.d. Antony Giddens og bækur hans *Modernity and Self-Identity. Self and Society in the Late Modern Age*, 1991 og *Modernity and Self-Identity. Self and Society in the Late Modern Age*, 1992. Báðar gefnar út af Polity Press í Cambridge; Ulrich Beck og Elisabeth Beck-Gernsheim, *The Normal Chaos of Love*, Þýð. M. Ritter og J. Wiebel, Cambridge: Polity Press, 1990/1995; Wendy Langford, *Revolutions of the Hears: Gender, Power and the Delusions of Love*, London: Routledge, 1999. bell hooks, *All About Love. New Visions*, New York: Perennial, 2001.; Irigaray (2002); Zigmund Bauman, *Liquid Love. On the Frailty of Human Bonds*, Cambridge: Polity Press, 2003; Mary Evans, *Love. An Unromantic Discussion*, Cambridge: Polity Press, 2003; Hélène Cixous, *Love Itself in the Letterbox*, Þýð. P. Kamuf, Cambridge: Polity Press, 2005/2008. Paul Johnson, *Love, Heterosexuality and Society*, London:



sem brann á femínistum víða um heim frá því á sjöunda áratug síðustu aldar um hvers vegna kynjamisrétti héldi enn þá velli, og beita til þess aðferð Marx (efnishyggju hans og almennum kenningum um samfélagið) en á gagnrýnan og uppbyggilegan hátt. Það var Marx sem leiddi mig inn á svið ástarinnar. Nálgun hans varð til þess að ég kom auga á það að ást og ástarkraftur er skapandi mannlegur eiginleiki sem er hægt að nýta og jafnvel arðræna (e. *exploit*) á svipaðan hátt og vinnu og vinnukraft.⁴ Ástarkrafturinn er því samþærigur við og ekki síður mikilvægur en vinnukrafturinn. Því má segja að félags-kynferðisleg tengsl (það er samskipti kynjanna) hafi sérstaka félagslega vídd. Það á einnig við um hegðun í ástarmálum og um átök um yfirráð yfir ástarkrafti við „framleiðslu“ á fólki. Þessa vídd er hægt að einangra og skoða þegar verið er að rannsaka samfélög og hvernig þau breytast.

Vinnan í tengslum við kenningar Marx varð til þess að ég gat þróað sérstakt svið innan fræðilegra kenninga um samfélag og stjórnmal, sem ég kalla „pólítíska kynverund“ (e. *political sexuality*). Með því gat ég svarað áðurnefndri rannsóknarspurningu (og í tengslum við hana er mikilvægt að setja fram aðrar spurningar um ástæður, afleiðingar og hugsanlegar leiðir til að yfirvinna kynjamismunun). Aðkoma mín að sögulegri efnishyggju í gegnum „framleiðslugáttina“ fremur en í gegnum „endursköpun (e. *reproduction*) per se“⁵ leiðir til þess að ég nálgast hugtökin hagkerfi (framleiðsla nauðþurfta) og kynverund (framleiðsla lífs) sem bæði aðgreind og samtvinnuð félagsferli; hvorki algjörlega aðskilin né einungis tengd saman út frá ytri formgerð. Þessar athuganir mínar hafa leitt í ljós að söguleg efnishyggja að hætti Marx rúmar þann skilning að hagnýting á manneskju felist ekki eingöngu í vinnu hennar heldur einnig ást.⁶ Hvort tveggja er „mann-

Routledge, 2005). Mér sýnist að við séum að verða vitni að miklum vexti á þekkingu á ýmsum hliðum ástarinnar og því tel ég við hæfi að stofna til nýs þverfaglegs rannsóknarsviðs, *Ástarrannsóknna*. Þetta svið er í brennidepli á árinu 2010 innan Centre of Gender Excellence (GEXces), rannsóknarefni 10, *Ást á okkar tímum – Spurning fyrir femínismann*.

⁴ Þýð. Það er vandasamt að þýða enska orðið „exploitation“. Eins og kemur fram síðar í þessum texta getur það bæði haft hlutlausu og neikvæða merkingu. Hér er það þýtt ýmist sem „nýting“ eða „arðrán“ eftir samhenginu, en stundum eru bæði íslensku orðin notuð. Orðasambandið „sexual exploitation“ kemur líka til greina að þýða sem „kynferðislega misnotkun“ og er það gert á einum stað.

⁵ Anna Guðrún Jónasdóttir, „Feminist questions, Marx’s method and the theorisation of “love power”“, *The Political Interests of Gender Revisited. Redoing Theory and Research with a Feminist Face*, ritstj. A.G. Jónasdóttir og K.B. Jones, Manchester: Manchester University Press, 2009, bls. 67.

⁶ Sama heimild.

legt skynreynslustarf, virk starfsemi“ og felur í sér „getu til umbreytinga á heiminum.“⁷ Þessi staðhæfing leggur grunninn að gagnrýnni femínískri endurbyggingu á sýn sögulegrar efnishyggu á framleiðslu.⁸ Hún gerir kleift að setja fram kenningar um kynverund, samskipti kynjanna og kynbundna hagsmuni, um vald, sjálfræði (e. *agency*) og stjórnámál, þar sem lítið er svo á að þessi atriði séu öll tengd innan almenns félagslegs og stjórnámálafræðilegs ramma, sem er í senn marglaga og margþættur. Við Kathleen Jones höfum framkvæmt varfærið mat á þeim takmörkunum sem við teljum vera á póststrúktúralískum kvennafræðum sem voru ríkjandi á síðustu tveimur áratugum síðustu aldar, þótt við höfnum ekki styrkleika þeirra. Byggt á þessu mati höldum við því fram að sú nýja nálgun sem við teiknum upp geti hjálpað við að þoka femínískum fræðum frá fullyrðingum um „hreint rof“ eða „annað hvort eða hugsun“ sem enn gera það að verkum að deilur milli þeirra sem aðhyllast efnishyggu og þeirra sem vinna með menningarfræðilega nálgun eru fastar í sama farinu.⁹

Ástarkenning mín hefur verið notuð í meginlegum rannsóknum og þróuð áfram af öðru fræðafólki.¹⁰ Hún hefur kveikt gagnrýnar spurningar, sem ég hef einnig lagt fyrir mig sjálfa og byrjað að svara annars staðar. Algengt er að spyrja hvers vegna ég einblíni á konur og karla. Þýðir það að

⁷ Í þessari setningu vitnar höfundur fyrst til Karls Marx, „Greinar um Feuerbach“, þýð. Brynjólfur Bjarnason, í Karl Marx og Friedrich Engels, *Úrvalsrit í tveimur bindum*, 1. bindi, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 325–328, og síðan til David McLellan sem útskýrir hvers vegna Marx hrósaði Hegel fyrir að hafa uppgötvað að „sjálfsköpun mannsins er ferli ... [og því söguna og heiminn] sem afurð eigin vinnu“, um leið og hann gagnrýnir heimspekilega lýsingu Hegels sem of sértæka, David McLellan, Karl Marx. *Selected Writings*, London: Oxford University Press, 1977, bls. 75–101.

⁸ Anna Guðrún Jónasdóttir og Cathlyn B. Jones (ritstj.), *The Political Interests of Gender Revisited. Redoing Theory and Research with a Feminist Face*, Manchester: Manchester University Press, 2009.

⁹ Sama heimild.

¹⁰ L. Jakobsen og J. Ch. Karlsson, *Arbete och kärlek. En utveckling av livsformsanalys*, Lund: Arkiv, 1999; Jonas Axelsson, *Dominanser. En utveckling av den realistiska livsformsteorin*, Karlstad: Karlstad University Studies, 2009; Eudine Barriteau, „„Coming, coming, coming home“. Applying Anna Jónasdóttir’s theory of “love power” to theorising sexuality and power in Caribbean gender relations“, *GEXcel Work in Progress Report III. Proceedings from GEXcel Theme 1. Gender, Sexuality and Global Change*, ritstj. L. Gunnarsson, Linköping: Linköping University Press; Örebro: Örebro University Press, 2008; Eudine Barriteau, „Theorizing Sexuality and Power in Caribbean Gender Relations“, *Sexuality, Gender and Power: Intersectional and Transnational Perspectives*, ritstj. A. G. Jónasdóttir, V. Bryson og K. B. Jones, London og New York: Routledge, 2011; Lena Gunnarsson, „A defence of the category “women”“, *Feminist Theory*, 12:1/2011, bls. 23–37.

ég taki gagnkynhneigðu skipulagi samfélagsins sem gefnum hlut? Er hægt að gera grein fyrir ást sem ekki er gagnkynhneigð með nálgun minni? Ég tel mig geta svarað seinni spurningunni játandi, en það þarf að skoða staðreyndirnar. Það á auðvitað almennt við um kenningu mína. Rök mín hafa verið og eru enn þau að skipan gagnkynhneigðar í anda karlveldisins skiptir sköpum því hún er „ríkjandi skipan kynverundar“. Sem slík kúgar hún, bæði þá sem fylgja henni og þá sem stunda önnur form kynlífs. Ég færi einnig rök fyrir því að með því að taka kynferðislega ást – í merkingunni samskiptahegðun sem tengir fólk í reynd eða mögulega af því það er af tilteknu kyni – inn í fræðilegu umræðuna „leiðir það af sér að það hvernig kynferðisleg ást er stunduð hefur marktæk áhrif bæði á það hvernig haldið er á öðrum ástarengslum, til dæmis milli foreldra og barna, og einnig hvernig fólk hagar tengslum sínum við aðra við félagslegar aðstæður sem eru af öðru tagi.“¹¹

Í þessum kafla byggi ég bæði á eldri og nýrri verkum mínum til að útfæra nánar suma þætti í kenningu minni, einkum hugtakið „ástarkraft“ og hvernig rannsókn á ást geti breytt því hvernig við skýrum yfirburði karlmanna í samfélögum þar sem formlegt jafnrétti ríkir, og almennt hvernig þróa megi nýja kenningu um samfélagið sem er skipulögð í kringum kynverundina í viðum skilningi. Þessi nálgun hefur í för með sér flókna sýn á hvernig beita má hugtakinu „samtvinnun“ (e. *intersectionality*), ekki bara á marghliða sjálf eða hugverur heldur líka á félagsferli og félagslegt samhengi sem hefur margar víddir. Í þessari tilraun til að varpa ljósi á það hvers konar kraftur „ástarkraftur“ er, mun ég einnig ræða „nýtingu“ eða „arðrán“ (e. *exploitation*) sem er í senn umdeilt fræðilegt hugtak og flókinn félagslegur raunveruleiki.

Vald karlmanna, aðferð Marx og „pólitísk kynverund“

Lýsa má verkum mínum sem gagnamiðaðri og sögulega staðsettri fræðakenningu. Hún á sér upphaf í þeirri vel þekktu staðreynd að valdayfirburðir karlmanna eru enn til staðar. Það á líka við um vestræn samfélög samtímans, þar á meðal norræn, þar sem saman koma formlegt og lagalegt jafnrétti, hátt hlutfall kvenna í launuðu starfi, þar sem margs konar einkenni velferðarsamfélagsins eru augljóslega konum í hag, og þar sem konur eru fremur óháðar einstökum karlmönnum, bæði félagslega og efnahagslega. Helsta rannsóknarspurning mín, sem enn er full ástæða fyrir, var hvernig mætti skýra þetta sérstaka sögulega form af drottun karlmanna eða karlveldi. Sú staðreynd að spurningin var sett fram í ákveðnu samhengi var meðvituð ákvörðun.

¹¹ Anna Guðrún Jónasdóttir, *Why Women are Oppressed*, bls. 219–221.

Með því að staðsetja hana og afmarka í tíma og rúmi, bauð hún ekki upp á greiningu út frá tímalausum kennisetningum eða að leita svara sem teldust algild. Einnig var það með vilja að ákveðið var að einblína á vald karlanna sem vandamál sem kallar á skýringar, fremur en á kúgun eða undirskipun kvenna. Þótt þessar tvær leiðir til að nálgast valdamun karla og kvenna séu tvær hliðar á sömu mynt skiptir það höfuðmáli að hvorri „hliðinni“ rannsakandinn kys að einbeita sér. Það er vegna þess að í þessu tilfalli er „myntin“ félagsleg tengsl virkra skapandi/framleiðandi athafna, en afurðir þeirra eru mælanleg, varanleg og breytileg mynstur ólíkrar valdastöðu (og hugsanlegs jöfnuðs) karla og kvenna. Þessi nálgun hefur í för með sér að ég set ekki „konur og reynslu þeirra í miðjuna“ eins og Bryson gerir til dæmis.¹² „Karl-mönnum“ (eða „karlmennsku“) sem hópi eða sem mengi greininga er ekki heldur fengið það hlutverk. Í kenningu minni er hugtakið „félags-kynferðisleg tengsl“ í fyrirrúmi. Í „aðferð“ minni eru „félagstengsl“ því ávallt athafnir. Ég er að reyna að skýra ákveðin félagsleg ferli út frá skapandi gangverkum, frekar en sem „endurtekningu heilla formgerða.“¹³

Í nálgun minni varðar grunnsurningin heildrænt vandamál, þar sem félagsleg skipan kynjamismununar er skoðuð út frá kerfum og samhengi, en svara leitað við henni innan þessara kerfa og samhengis. Reynt er að staðsetja athafnir sem varða tengsl (ástariðju) sem ferli samskipta, viðskipta (með krafta og vald) og samninga milli félagslegra merkingarbærra aðila (einstaklinga eða hópa skilgreindra út frá kynferðisbundinni félagsstöðu) innan skilgreindra félagslegra aðstæðna á öllum sviðum samfélagsins, ekki bara innan fjölskyldunnar. Með þessari nálgun verða tengsl og samskipti fólks í brennidepli sem gangverk sem hafa afleiðingar og fæða af sér önnur fyrirbæri. Athafnir af því tagi er ekki hægt að einskorða við einstaka einstaklinga eða kerfislæg samhengi. Fremur má segja að hið félagslega samhengi (og jafnvel sjálfíð) sé niðurstaða þess hvernig unnið er úr tengslum við breytilegar aðstæður. Aftur á móti hefur hið almenna (eða heildræna) samhengi áhrif á ýmsar aðstæður félagslegra samskipta, en forsenda samskipta, viðskipta og samninga er að tilteknir einstaklingar noti mannlega getu sína.

Ég fékk snemma áhuga á hugsanagangi sem bauð upp á tengingu milli fémínisma og marxisma.¹⁴ Væntingar um gefandi sambönd byggðust á því

¹² Valerie Bryson, „Sexuality. The Contradictions of Love and Work“, *Sexuality, Gender and Power. Intersectional and Transnational Perspectives*, ritstj. A. G. Jónasdóttir, V. Bryson og K. B. Jones, London and New York: Routledge, 2011.

¹³ Charles Tilly, *Explaining Social Processes*, Boulder/London: Paradigm Publishers, 2008, bls. 125.

¹⁴ Juliet Mitchell, *Women's Estate*, Harmondsworth: Penguin Books, 1971/1986.

að hvor „aðili“ fyrir sig væri nokkuð sjálfstæður. Það var verið að prófa marxisma sem „aðferð til greiningar á samfélagi“ eða til að „láta [aðferð Marx] þjóna femínískum málefnum.“¹⁵ Þetta var álitid „sérstakt fræðilegt verkefni,“¹⁶ eins konar þriðja leið til að beita díalektík og komast í gegnum og handan við andstæðurnar milli róttæks femínisma sem var sjálfum sér nógur og marxisma sem var í senn stífur og allsráðandi.¹⁷ Verkefnið gaf sér tvær forsendur. Önnur var að „kynferði“ ætti að vera sérstakt viðfangsefni en ekki undirskipað „stétt“. Hin var að misrétti sem byggist á kynferði mætti á einhvern hátt greina með því að beita sömu „aðferð“ og á misrétti sem byggðist á stétt. Með öðrum orðum var það talið bæði fræðilega mögulegt og mikilvægt fyrir stjórnmalin að skilgreina samskipti kynjanna og kynverund (í víðum skilningi) sem sérstaka samfélagslega vídd, sem væri órofa tengd og skaraðist við aðrar helstu stærðir samfélagsins, þar með talið hagkerfi og stéttatengsl, samskipti kynþátta og þjóðarbrot, menningarleg ferli, pólitískar stofnanir og hugmyndafræðileg öfl.

Heidi Hartmann orðaði sérstöðu þessa „fræðilega verkefnis“ á sérlega skýran hátt. Hún hélt því fram að forsenda þess að hægt væri að útskýra karlveldið með aðferð Marx væri að „kvennaspurningu“ marxismans yrði að endurskilgreina sem „femíníska spurningu“ og að henni skyldi „beint að orsökum kynjamisréttis milli karla og kvenna, og drottunar karla yfir konum.“¹⁸ Markmið hennar var að draga fram gangverkin sem búa undir karlveldinu, en hún taldi það vandasamt vegna þess „að oft og tíðum styðja sömu þættirnir, til dæmis verkaskiptingin, bæði við karlveldið og kapítalismann [og] því er erfitt að koma auga á þá þætti sem undirbyggja sérstaklega feðraveldið. *Samt er það þetta sem við verðum að gera.*“¹⁹ Fleiri gagnrýnendur hafa þó haldið því fram að Hartmann hafi ekki tekist að sundurgreina efnislegar undirstöður og formgerðareinkenni kerfanna tveggja.²⁰

Gagnrýnið mat mitt á ýmsum framlögum til þessa metnaðarfulla verkefnis leiddi mig að þremur niðurstöðum. Í fyrsta lagi náði femíníska sögulega

¹⁵ Heidi Hartmann, „The unhappy marriage of Marxism and feminism. Towards a more progressive union“, *Women and Revolution. The Unhappy Marriage of Marxism and Feminism. A Debate on Class and Patriarchy*, ritstj. L. Sargent, London: Pluto Press, 1981, bls. 11.

¹⁶ Alison Jaggar, *Feminist Politics and Human Nature*, Totowa: Rowman & Allanheld, 1983, bls. 118.

¹⁷ Anna Guðrún Jónasdóttir, *Why Women are Oppressed*, bls. 1–33 og 47–79.

¹⁸ Heidi Hartmann, „The unhappy marriage of Marxism and feminism“, bls. 3 og 5.

¹⁹ Heidi Hartmann, „The unhappy marriage of Marxism and feminism“, bls. 29.

²⁰ Anna Guðrún Jónasdóttir, *Why Women are Oppressed*, bls. 50–51.

efnishyggjan ekki að móta sér þá sérstöðu sem hún stefndi að. Í öðru lagi var ástæðan fyrir þessu sú að femínískar greiningar höfðu reynt að móta kenningu sem náði yfir allar tegundir innbyrðis tengdrar kúgunar. Þær einblíndu annað hvort um of á vinnu, stétt og hagkerfið, eða höfðu ýmist ofmetið skýringargildi kynferðislegs ofbeldis eða menningarbundinna afla. Þriðja niðurstaða mín var sú að aðferð Marx mætti nýta meira og á annan hátt til að svara róttækum femínískum spurningum. Hvað varðar sjálfa aðferðina skil ég efnishyggju Marx ekki sem rétttrúnað sem byggir á söguhyggju, og ekki heldur sem *kenningu* um mannkynssöguna og samfélagið í sterkri merkingu þessa orðs, heldur sem rannsóknarhefð, mengi verufræðilegra forsendna og aðferðafræðilega viðmiða í því skyni að þróa *sértækar kenningar*.²¹

Út frá bæði rannsóknarhefðinni og almennum kenningum um samfélagið, setti ég fram sérstaka femíníska sýn á hvernig greina mætti samfélag og sögu. Sjónarhornið á félagslega tilveru skyldi einkennast af því að framleiðsla og viðhald lífs og lifandi fólks, samskipti kynjanna (félagslegu kynin) og skipan ástarmála fengju þá stöðu sem lífsmiðlar, stéttir og skipan vinnunnar hefðu í almennri kenningu Marx um samfélagið og söguna. (Samkvæmt þessari skoðun þurfa hvorki félagslegu kynin né stéttirnar nauðsynlega að vera bara tvær í hinum efnislega veruleika.) Í mínum huga er hjónabandsstofnunin miðlægur hlekkur sem tengir saman ríki og samfélag. Þetta þýðir að mikilvægi hjónabandsins og staða þess skipa sambærilegan sess og einkaeign í hugsun Marx. Þessi hluti af vinnu minni fólst því í að setja fram endurskoðaða femíníska útgáfu af sögulegri efnishyggju. Hún myndi sverja sig í ætt rannsóknarhefðar sem einbeitti sér að raunverulegum tengslum. Þetta yrði „leiðandi þráður í fræðum mínum,“ svo vitnað sé í mikilvæga setningu frá Marx.²²

Sem *sértæka kenningu* setti ég fram drög að fræðilegri kenningu um vestrænt karlveldi samtímans, þar sem því er haldið fram að grundvallarformgerð þess, eða drottunnar karlmanna, sé viðhaldið í átakaferli þar sem ójöfn viðskipti með orku eða kraft einkenna samband karla og kvenna. Þótt þau séu formlega og efnahags- og félagslega nokkurn veginn jöfn, þá eru karlar og konur aðilar að fyrirkomulagi þar sem verulega hallar á annan aðilann í þágu hins. Í samböndum af þessu tagi hafa karlar tilhneigingu til að hagnýta hæfileika kvenna til að veita ást og umbreyta þeim í eins konar hagnað, í form af valdi sem er nýtilegt bæði meðal einstaklinga og hópa, en konur

²¹ Anna Guðrún Jónasdóttir, „Feminist questions, Marx’s method and the theorisation of “love power”“, bls. 62–64.

²² Karl Marx, „Preface to A Critique of Political Economy“, *Karl Marx. Selected Writings*, ritstj. D. McLellan, Oxford: Oxford University Press 1859/1977, bls. 389.

missa yfirráðin yfir þeim. Hjónabandsstofnunin sem einkennist af sögulega breytilegum en hugmyndafræðilega skilgreindum viðmiðum gegnir lykilhlutverki í að viðhalda drottnun karla í reynd, og í þessum skilningi hefur orðið „hjónaband“ víðtæka merkingu. Hún á ekki aðeins við um hjón sem eru gift að lögum eða í sambúð, eða almennt um elskhuga, heldur nær líka til þeirra samskiptamynstra sem hún leggur grunninn að – eða bannar – milli fólks sem kynferðisverur í samfélagi (þ.e. milli kvenna og karla, en líka milli og á meðal kvenna og á milli og meðal karla). Lykilatriðið er viðleitni karla til að slá eign sinni á konur, það er krafa þeirra um aðgang að konum. Í reynd er „rétti“ karla til að eigna sér félags- og kynferðisleg gæði kvenna, og þá sérstaklega hæfileika þeirra til að veita ást, viðhaldið sem ríkjandi mynstri, jafnvel þótt hann sé ekki lengur bundinn í lögum (í mörgum samfélögum).²³

Það er vel þekkt að söguleg efnishyggja var innblásturinn að mörgum femínískum kenningum, en flestar þeirra stöðnuðu á níunda áratug síðustu aldar undan þrýstingi frá póst-strúktúralisma og hinu margháttada „stríði“ gegn marxismanum. Síðan þá hefur áhugi á verkum Marx verið endurvakinn bæði hjá femínískum fræðimönnum og öðrum.²⁴ Endurnýjaður áhugi á femínískum kenningum um hvernig samfélagið viðheldur sér er gott dæmi um þetta. Á því skeiði sem við nú lifum, þar sem hagkerfin eru að hnattvæðast, er vinna við umhyggjustörf þvert á landamæri þjóðríkja vaxandi svið í þverfaglegum femínískum rannsóknum.²⁵ Enn fremur sýna rannsóknir

²³ Anna Guðrún Jónasdóttir, „Feminist questions, Marx’s method and the theorisation of “love power”“, bls. 62.

²⁴ Sjá Georgina Blakeley og Valerie Bryson (ritstj.), *Marx and Other Four-Letter Words*. London: Pluto Press, 2005. Valerie Bryson, „Marxism and feminism. can the “unhappy marriage” be saved?“, *Journal of Political Ideologies*, 9: 1/2004, bls. 13–30. Teresa L. Ebert, *Ludic Feminism and After. Postmodernism, Desire, and Labor in Late Capitalism*, Ann Arbor: The University of Michigan Press, 1996. Ann Ferguson, „Empowerment, development and women’s liberation“, ritstj. A. G. Jónasdóttir og K.B. Jones, *The Political Interests of Gender Revisited. Redoing Theory and Research with a Feminist Face*. Manchester: Manchester University Press, 2009; Sandra Harding (ritstj.), *The Feminist Standpoint Theory Reader. Intellectual and Political Controversies*, London: Routledge, 2004; Nancy Hartsock, *The Feminist Standpoint Theory Revisited and Other Essays*, Boulder: Westview Press, 1998. Frigga Haug, „Gender relations“, þýð. P. Thomas, *Historical Materialism*, 13: 2/2005, bls. 279–302.; Rosemary Hennessey og Chrys Ingraham (ritstj.), *Profit and Pleasure. Sexual Identities in Late Capitalism*, London: Routledge, 2000; Hennessey; Nancy Holmstrom (ritstj.), *The Socialist Feminist Project. A Contemporary Reader in Theory and Politics*. New York: Monthly Review Press, 2002.

²⁵ Isabella Bakker og Rachel Silvey, „Introduction: social reproduction and global transformations – from the everyday to the global“, ritstj. Isabella Bakker og Rachel

Teresu Ebert²⁶ og Rosemary Hennessy²⁷ á þrá, vinnu og kynvitund á tímum síðkapítalísma fram á brýna þörf fyrir að tengja saman femínískar greiningar á kynferði og kynverund og kenningu Marx um kapítalísma og sérstakar hliðar á arðráni vinnuafis í samtímanum. Frá sjónarhorni pólitískrar kynverundar beinast þær femínísku spurningar sem settar eru fram í þessum rannsóknum ekki „að þeim orsökum drottunar karla yfir konum“ sem Heidi Hartmann lagði áherslu á að brýnt væri að leita að.²⁸ Þessar rannsóknir endurnýja fremur „kvennaspurningu“ marxismans og tengja sig þannig Marx og sögulegri efnishyggju á áhugaverðan og frjóan hátt, en ná ekki að fullnýta möguleika þessarar hugsanahefðar í þágu femínískra markmiða.²⁹

Fræðilegar fyrirætlanir mínar byggðust á því að hafa annað augað á femíníska viðfangsefninu og hitt á aðferð Marx, en spurningin hvernig skilja megi hið margslungna orð „power“, bæði í merkingunni vald og kraftur, var ein af mörgum sem urðu á vegi mínum. Hvernig eigum við að skilja orð, hugtök og fyrirbæri sem eru tengd valdi (svo sem afl, kraftur, máttur, drottun og fleiri), þegar þau eru hugsuð sem hluti af kynverundinni? Samkvæmt þeirri sýn sem ég tileinkaði mér gat hvorki vald né kraftur einungis verið drottun, og ekki heldur bara afleiðing af orðræðu. Önnur spurning varðaði nýtingu eða arðrán. Nánar tiltekið varðaði þessi spurning grundvallarorðaförða, lykilhugtökin „kúgun“ og „arðrán“ sem oft er stuðst við í greiningum sem byggja á efnishyggju, en hið síðarnefnda var minnst notað og þróað af femínísku fræðafólki. Ég gerði ráð fyrir að það mætti ekki einungis beita hugtakinu „arðráni“ í samhengi stétta og vinnu, heldur líka í

Silvey, *Beyond States and Markets. The Challenges of Social Reproduction*, London: Routledge, 2008, bls. 1–17, hér bls. 2.; Isabella Bakker og Stephen Gill (ritstj.), *Power, Production and Social Reproduction*, New York: Palgrave Macmillan, 2003; Birgitte Young, „Financial crises and social reproduction. Asia, Argentina and Brazil“, ritstj. Isabella Bakker and Stephen Gill, *Power, Production and Social Reproduction*. New York: Palgrave Macmillan, 2003.

²⁶ Teresa L. Ebert, *Ludic Feminism and After. Postmodernism, Desire, and Labor in Late Capitalism*, Ann Arbor: The University of Michigan Press, 1996.

²⁷ Rosemary Hennessy, *Profit and Pleasure. Sexual Identities in Late Capitalism*, New York og London: Routledge, 2000.

²⁸ Heidi Hartmann, „The unhappy marriage of Marxism and feminism. Towards a more progressive union“, *Women and Revolution. The Unhappy Marriage of Marxism and Feminism. A Debate on Class and Patriarchy*, ritstj. L. Sargent, London: Pluto Press, 1981, bls. 3 og 5.

²⁹ Anna Guðrún Jónasdóttir, „Gender relations and historical materialism – Still a contested connection. A critique of Frigga Haug“, *Gender Delight. Science, Knowledge, Culture and Writing ... for Nina Lykke*, ritstj. C. Åsberg, K. Harrison, B. Pernrud og M. Gustavson, Linköping: Linköping University Press, 2009.

félags-kynferðislegu samhengi.

Það að hugsa um arðrán opnaði aðra sýn á vandann en það að einblína annars vegar á kúgun og hins vegar á undirgefni. Það leiddi af sér spurningar eins og: Á hvaða hátt er verið að arðræna konur? Hverjir gera það? Hvað þýðir það að kona sem kynvera sé arðrænd? Hvernig virkar þessi tegund arðráns? Hvar á það sér stað? Hvað er það sem verið er að nýta? Með öðrum orðum, hvað er það sem verið er að slá eign á, sækja til kvenna (félagslega og menningarlega mótaðra á breytilegum sögulegum grunni) – sem kyns? Ást og „ástarkraftur“ komu inn í myndina þegar ég hélt fram höfuðmikilvægi þess að greina svokallaða kúgun kvenna á sviði kynverundarinnar. Hvorki vinna né umhyggja nægja út af fyrir sig sem lykilhugtök til að skilja hið sérstaka „virka mannlega skynreynslustarf“ kynverundarinnar. Ástin sem umbreytingarafli, eða frá því sjónarhorni sem ég vel, kynferðisleg ást sem sérstakt háttalag ástarinnar, er grundvallarþáttur í því ferli að framleiða – skapa og endurskapa – fólk. Það á líka við um okkar tíma (tíma og rými), þegar einstaklingar eru bæði frjálssir og neyddir til að skapa og endurskapa sjálfa sig við síbreytilegar aðstæður, að það er meiri þörf en nokkurn tímann fyrr fyrir ást sem uppsprettu skapandi og endurskapandi mannlegs krafts.

Eru „nýting“ eða „arðrán“ einfaldlega slæm?

Það sem Marx talaði um í kenningu sinni um það hvernig virðisauki er hafður af vinnuaflinu í kapítalismanninum er stundum kallað „arðrán í eiginlegum skilningi.“ Þannig getur auðmagn vaxið, jafnvel þótt allir, jafnvel verkafólk, hafi sama rétt til einkaeignar. Með því að tileinka mér hugtakið arðrán en beita því á önnur fyrirbæri en Marx gerði, gat ég þróað kenningu um hvernig formlegt jafnrétti og karlveldi geta sameinast í vestrænum samfélögum nútímans. Ég gat „séð“ alla þá þætti sem ég hafði fært rök fyrir að vantaði í þær femínísku kenningar sem ég hafði gagnrýnt: hið sérstaka félags-kynferðislega *samband*; ákveðin hagnýt og skapandi *virgni*; sérstök mannleg geta og skapandi *kraftur*, en notkun hans og yfirráð yfir honum eru umdeild; heil og afmörkuð *formgerð félagslegrar tilveru* ásamt miðlægri og ríkistengdri *stofnun* sem gert var ráð fyrir að „hefði meira vægi en flest annað í að skapa og viðhalda valdi karla.“ Auk þess gat ég bent á *grundvallargangverk* sem stuðlar að viðhaldi á misrétti kynjanna í samfélagi karlveldis þar sem kynin eru samt með formlega jafna stöðu. Hugtakið „arðrán“ var því fræðilega mjög gagnlegt því það fæddi af sér öðruvísi spurningar en nálganir sem byggðust á öðrum grunnhugtökum, svo sem mismunun, kúgun, undirskipun, stigveldi

kyngervisins eða seinna kenninga í kringum sjálfsvitund og mismun.³⁰

Hvað þýðir þá orðið „exploitation“? Hvernig er það vanalega (eða óvanalega) notað? Hvað þýðir það að segja að hægt sé að arðræna mannlega getu og krafta; að þau séu nýtanleg? Almennit þýðir enska orðið „exploit“ einfaldlega að „nýta“. Í þrengri skilningi er það notað um það að „nýta eða fullþróa“ náttúruauðlindir eins og til dæmis námur. Á enn þrengri hátt má hlaða það neikvæðri merkingu, þegar eitthvað er nýtt á eigingjarnan eða ósanngjarnan hátt í eigin þágu eða í gróðaskyni, til dæmis þegar vinnuafli barna er arðrænt í verksmiðjum (úr *Oxford Advanced Learner's Dictionary*). Bæði orðabækur og hugtakagreiningar skilja gjarnan á milli nýtingar (e. *exploitation*) náttúrulegra eða efnislegra auðlinda (nýta eitthvað) og að arðræna manneskjur (nýta/nota einhvern). Oftast er það ekki talið slæmt að nýta kolanámur, olíulindir, vatnsafl, sólarorku eða aðrar efnislegar auðlindir, þótt greinarmunur sé gerður á nýtingu og ofurnýtingu. Aftur á móti er oftast litið neikvæðum augum á að sumir geti nýtt/notað annað fólk. Sú staðreynd að orðið „nýting“ er ekki endilega hlaðið siðleysi eða óréttlæti gerir það fræðilega gagnlegt. Það má nota til að lýsa hlutum tæknilega. Svo vitnað sé í Alvin Gouldner „má nota það einfaldlega um það að skiptast á hlutum sem hafa misjafnt virði.“³¹

Það að segja að geta manneskjunnar til að elska og vinna sé *nýtanlegt* afl, felur í sér að um sé að ræða lifandi orkulindir sem leysa má úr læðingi, hjá einstaklingi eða hópi. Þessa krafta má nýta til að framkvæma breytingar á efni sem er ekki mannlegt og/eða á annarri manneskju eða hópi. Við raunverulegar félagslegar aðstæður getur nýting (á vinnuafli, ástarkrafti eða annarri mannlegri getu, svo sem þeirri sem gefur fólk kost á pólitísku frumkvæði) tekið á sig ýmiss konar form og gengið mislangt. Þannig skrifar Toby Shelley í bók sinni *Exploited Migrant Labour in the New Global Economy*:³² „Bókin fjallar ekki svo mikið um nýtingu innflutts vinnuafls sem um misnotkun þess.“ *Misnotkun*, samkvæmt Shelley, er nýting sem gengur *lengra en* það sem innlent vinnuafli þarf að búa við“ (skáletrun mín). Enn fremur segir hann að þótt finna megi „erlenda starfsmenn“ sem tilheyra „fámennum hópi

³⁰ Anna Guðrún Jónasdóttir, „Is exploitation only bad – or what kind of power is love power?“, *Poder, poderes y empoderamiento... ¿Y el amor? ¡Ab, el amor! Actas 5o Congreso Estatal Isonomía sobre Igualdad entre mujeres y hombres*, 2009, sótt 11. apríl af www.uji.es/bin/publ/edicions/iso5c.pdf >.

³¹ Alvin Ward Gouldner, „The norm of reciprocity. A preliminary statement“, *American Sociological Review*, 25: 2/1960, bls. 166.

³² Toby Shelley, *Exploited. Migrant Labour in the New Global Economy*, London: Zed Books, 2007, bls. 6.

lánsamra“ sé bók hans um „arðrán erlends vinnuafis sem samfelld fyrirbæri“, en „á ystu mörkum þess eru konur og börn sem eru fórnarlömb mansals í kynferðislegum tilgangi og er fleygt þegar þau skila ekki lengur arði.“³³

Í samanburði við „árstíðabundið þrælahald til að lágmarka kostnað“³⁴, gæti það virst einkennilegt og jafnvel óviðeigandi að nota orðið „arðrán“ um skipan ástarinnar hjá „fjölmennum hópi lánsamra,“ en um það fjalla verk mín. Fljótt á lítið virðist ekki sem „innlendir [elskendur] búi við norm sem þeim er gert að fylgja,“ þegar kemur að kynferðislegri nýtingu. Eigi að síður held ég fram mikilvægi þess að rannsaka ekki aðeins kynferðislega misnotkun, heldur líka hvernig það þykir „eðlilegt“ að nota ást eða njóta hennar sem lífsnaudsýnlegrar uppsprettu félagslegrar tilveru, því þessi svokölluðu eðlilegu form gegna grundvallarhlutverki í skipan kynferðis í vestrænum samfélögum samtímans. Þótt önnur lykilhugtök sem nefnd voru hér að ofan geti átt við, annað hvort til að fylla upp í myndina eða draga upp aðra, þá er það einvörðungu hugtakið „nýting/arðrán“ sem nær því að ramma inn spurninguna um viðskiptasamband milli aðila í félags-kynferðislegri stöðu, þar sem eitthvað sem kveður að, eitthvað sem skiptir máli, er tekið eða gefið, unnið eða tapað, notað/notið af báðum aðilum í ferli sem elur af sér (ójafnan) vöxt. Á móti má segja að „[u]mræðan um kynjamismunun og kúgun kvenna hljómi oft þannig að enginn aðili hagnist neitt á því.“³⁵

Í sérstakri kenningu minni um karlveldið hagnast karlmenn á tiltekinn hátt einhliða af því að nýta ástarkraft kvenna. Þetta verður mögulegt vegna flókinna og breytilegra félagslegra aðstæðna sem eru formgerð þannig að menn geta kerfisbundið grætt á mannlegum gæðum kvenna, einkum og sér í lagi ástarkrafti þeirra. Þýðir þetta að konur hafi ekkert út úr þessum samböndum? Er forsenda kenningarinnar að konur séu fórnarlömb „falsvitundar“, samsæri karlmanna, að þær hafi ekki frjálstan vilja? Að allir karlar í dag (og eingöngu karlar) séu samkvæmt skilgreiningunni kynferðislegir arðræningjar? Svarið við öllum þessum spurningum er neitandi. Þess vegna er svo gagnlegt að horfa samhliða (með samanburði án þess að líta svo á að þetta séu sömu fyrirbæri) á nýtingu seldrar vinnu undir kapítalisma og ástar sem gefin er af fúsum og frjálsum vilja í karlveldi þar sem formlegt jafnrétti er við lýði. Í báðum tilfellum er fjarri því að nýtingin hafi alltaf í för með sér þvingun eða misnotkun, og í báðum tilfellum hagnast báðir aðilar eitthvað á sambandinu (þótt annar aðilinn hafi mun skilvirkari stjórn á aðstæðum

³³ Sama heimild, bls. 7.

³⁴ Sama heimild, sami staður.

³⁵ Anna Guðrún Jónasdóttir, *Why Women are Oppressed*, bls. 95.

sem eru hagstæðari honum, enda er það þetta sem heldur nýtingarkerfinu gangandi). Í báðum tilfellum getur sá sem er nýttur einnig haft hag af nýtingunni, og þar að auki er það oftast þannig að nýtingin á sér stað með fullu samþykki hans. Með orðum Allen Wood: „Úr því að hagur manns og það að vera nýttur/arðrændur eru oft tvær hliðar á sömu mynt, og þar sem hinir nýttu hafa oft brýna þörf fyrir þau gæði sem þeim stendur til boða, þá sækja þeir oft fast að vera nýttir.“³⁶

Ef við drögum þetta saman þýðir það að vera nýttur/arðrændur ekki nauðsynlega að komið sé illa fram við mann, að maður sé notaður gegn eigin vilja eða að maður sé óhamingjusamur. Þvert á móti verður vinnuafli sem er nýtt og elskendur sem eru það líka oft mjög óhamingjusamir ef þeir missa vinnusamninginn, sem felur í sér nýtingu, gegn vilja sínum, eða ef ástarsambandinu er slitið gegn vilja þeirra. Þótt það kunni að virðast mótsagnakennt held ég því fram að hægt sé að öðlast grundvallarskilning á kynverund í samfélagi og um styrk ástarsambanda með því að greina þau sem nýtingariðju. Því skal sagt að lokum að á sama hátt og öll hagræn iðja og tengsl á vinnumarkaði eru ekki nauðsynlega kapítalísk og arðrænandi í markaðshagkerfum þótt kapítalismi sé hið ríkjandi form (til dæmis eru til samvinnufélög), þá fela hvorki öll kynferðisiðja né öll ástarsambönd í sér nýtingu/arðrán. Á báðum sviðum – í hagkerfinu og í kynferðissamböndum – eru til framleiðsluaðferðir sem fela ekki í sér arðrán, en yfirleitt búa þessi form við erfið skilyrði og eru sjaldgæf. Við þetta bætist að ég set fram kenningu um „ástarkraft“ á mismunandi stigum sértekningar, bæði sem almenna mannlega hæfni en einnig sem raunverulega upplifun sem getur verið breytileg milli menningarsamfélaga og sögulegra tímabila. Því er ekkert í verufræðilegum forsendum kenningarinnar, né heldur í aðferðafræðilegum meginreglum hennar, sem bindur stöðu arðræningjans við karla sem verur af karlkyni, né hið arðrænandi samband einvörðungu við gagnkynhneigð sambönd.

Hvers konar kraftur er „ástarkrafturinn“?

Í verkum mínum hef ég frá upphafi nálgast þessa spurningu á þrjá vegu. Fyrst hef ég leitast við að sýna sérstöðu ástarkrafts í samanburði við vinnukraft. Svo hef ég kafað *ofan í* hugtakið ástarkraft: að því sem ég geri ráð fyrir að sé grundvallareinkenni kynferðislegrar ástar, að í henni sé eðlislæg

³⁶ Allen William Wood, „Exploitation“, *Exploitation*, ritstj. K. Nielsen R. og Ware, New Jersey: Humanities Press, 1997, bls. 13.

díalektík tveggja þátta. Annars vegar er það umhyggja og hins vegar hið erótíska eða unaðurinn (e. *erotic ecstasy*). Saman mynda þessir tveir þættir það sem ég kalla ást, þ.e. ást sem félags-kynferðislegt háttalag mannkyns. Í þriðja lagi hefur verið í brennidepli spurningin um hvers konar vald eða *kraftur* ástarkrafturinn sé. Er það mögulegt eða skynsamlegt að skipa ástinni, sem einstakri mannlegri hæfni, á meðal hinna svokölluðu „krafta- og valdahug-taka“ (e. *power terms*), það er á meðal hinna fjölmörgu *tegunda* krafts sem menn telja að fyrirfinnist? Hugtakagreiningin sem hér fer á eftir er frumstæð. Spurningin um verufræðilegt og síbreytilegt félagslegt og sögulegt eðli „ástarkrafts“ þarf mun meira rými.

Samanburður á ást og vinnu

Mikilvægur hluti þessarar rannsóknar snertir hugtakið *starf* hjá Marx, eða það sem hann kallar „mannlegt skynreynslustarf, virka starfsemi.“³⁷ Hvað felst í því sem Marx telur að sé sérstök hæfni mannsins til „að skapa heiminn,“ til dæmis getu hans til að „breyta aðstæðum sínum ... og sjálfum sér?“³⁸ Hversu opin eru þessi miðlægu hugtök til að lýsa því úr hverju félagslegur raunveruleiki er búinn til, því hvernig fólk skapar og endurskapar líf sitt og lífsaðstæður um leið og það viðheldur mannkyninu sem tegund? Eiga þessi lykilhugtök aðeins við um mannlega vinnu í ritum Marx sjálfs? Ég svara þessu neitandi. Það er alveg ljóst að meginrit hans um aðferð rúma fræðilega kenningasmíð um kynferðislega vídd samfélagsins, bæði út af fyrir sig sem framleiðsluferli þar sem fólk/líf er skapað en einnig félags-kynferðisleg tilvera, og *líka* til að skilja þetta ferli sem samofið hinni hagrænu vídd samfélagsins, þ.e. framleiðslu lífsmiðla (sem var hið sérstaka rannsóknarsvið sem Marx hafði áhuga á). Í þessari fræðilegu hugsun er hægt að sjá fyrir sér framleiðslu efnislegra gæða sem tvískipta í grundvallaratriðum. Einnig er hægt að sjá að innbyrðis samband þessara tveggja höfuðþátta framleiðslunnar – hins félags-hagræna og hins félags-kynferðislega – er á þýðingarmiklu sögulegu breytingarskeiði.

Marx skilgreindi mannlega iðju út frá tveimur hliðum. Sú fyrri sýndi mannlega iðju sem skapandi afl, sem mannlegan kraft í merkingunni hæfni, sem hann greindi frá öðrum formum krafts (til dæmis peningum og ofbeldi) sem ekki leystu fyllilega mannlega getu úr læðingi. Seinni hliðin skilgreindi mannlega iðju með því að bera hana saman við hegðun dýra, eins og hið

³⁷ Karl Marx, *Úrvalsrít í tveimur bindum*, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 325.

³⁸ Karl Marx, „Economic and philosophical manuscripts“, *Karl Marx. Selected writings*, ritstj. D. McLellan, Oxford: Oxford University Press, 1977, bls. 105.

margumtalaða dæmi um muninn á býflugunni og húsameistararum:³⁹ „Það sem greinir lakasta húsameistarann frá bestu býflugunni er að húsameistarinn reisir byggingu sína í huganum áður en hann smíðar hana í raunveruleikanum.“ Segja má að dýr vinni, samkvæmt Marx, en það sem gerir vinnu sérstaklega mannlega er að fyrirætlunin er meðvituð: „Í lok hvers vinnuferlis fáum við útkomu sem var þegar í upphafi til í huga þess sem vinnur verkið.“⁴⁰ En jafnvel þótt horft sé á báðar þessar hliðar er fleira sem segja má um það sem er mannlegt við mannlega iðju.

Samkvæmt fyrri hliðinni er ekkert sem hefur úrslitabýðingu sem greinir vinnu frá ást. Hvorki peningar né nokkur annar miðill eða form táknræns valds getur *komid í staðinn* fyrir ást, né heldur fyrir gæði þeirrar vinnu sem lögð er í hluti. Meginmunurinn er í seinni hliðinni. Samanburðurinn á húsameistararum og býflugunni dugar ekki til að ná utan um það sem er sérstakt við ástina ef við skoðum hana sem mannlega iðju en ekki hegðun sem er líffræðilega ákvörðuð. Ef einstaklingar stunda ást og traust í samskiptum við aðrar manneskjur fyrst og fremst til að ná fram ákveðinni útkomu, í því skyni að skapa eða móta hina manneskjuna sem fyrir fram hugsað „viðfang“, þá verður þessi iðja að einhverju öðru: hún verður „getulaus“ eins og Marx orðaði það.⁴¹ Til að ástin verði sannlega mannleg iðja hagar sá sem stundar hana sér ekki þannig að hann láti „ástarviðfangið“ falla að „fyrir fram gefinni hugmynd“, heldur þannig að hann geri „ástarviðfanginu“ kleift að staðfesta eigin getu til að „skapa“ eða „móta“ sig sjálfan eða sjálfa, og markmið sín.⁴² Það er áhugavert að sú hugmynd að mannleg kynferðisleg ástarsambönd séu einstök að því leyti að þau eru „bæði nauðsynleg og sjálfsprottin,“ og séu því (mögulega) bæði fullkomlega gefandi fyrir sjálfið og „í *hæsta máta* beint til annarra“⁴³ fyrirfinnst einnig í verkum Marx, þótt hann hafi ekki þróað hana sérstaklega.⁴⁴

Það að segja að ást sem skapandi mannleg iðja sé að minnsta kosti af einni mikilvægri ástæðu ólík þeirri mannlegu iðju að vinna, hefur ekki í för

³⁹ Karl Marx, *Capital. Volume I*, ritstj. F. Engels, New York: International Publishers, 1867/1967, bls. 178.

⁴⁰ Karl Marx, *Capital. Volume I*, 1867/1967, bls. 178.

⁴¹ Karl Marx, „*Economic and philosophical manuscripts*“, bls. 111.

⁴² Anna Guðrún Jónasdóttir, *Why Women are Oppressed*, bls. 73.

⁴³ Shlomo Avineri, *The Social and Political Thought of Karl Marx*, Cambridge: Cambridge University Press, 1968, bls. 91.

⁴⁴ Anna Guðrún Jónasdóttir, „Feminist questions, Marx’s method and the theorisation of “love power”“, bls. 73–78.

með sér að ást og ástarkraftur hafi ekkert með vinnu að gera, eða nýtist ekki í atvinnulífi eða hagkerfinu. Þvert á móti, eins og ég hef rætt nokkuð ítarlega annars staðar, er það einmitt vegna þess að þessi tvö framleiðsluferli (sem eru nánast alltaf einnig viðhaldsferli) eru hugsuð sem innbyrðis skyld, svo að breytingar á aðstæðum bæði í ást og í vinnu ættu að hafa gagnkvæm áhrif.⁴⁵ Dæmi um svona áhrif má til dæmis sjá hjá Bryson, Törnqvist, Zhang og Chou. Enn fremur hafa Jakobsen⁴⁶ og í framhaldi Axelsson⁴⁷, notfært sér kenningu mína og tvinnuð saman við ákveðna kenningu um „form vinnu.“⁴⁸ Með því móti leitast þau við að endurskoða gagngert lífsháttagreininguna sem Højrup og Christensen þróuðu á níunda og tíunda áratug síðustu aldar⁴⁹ í rannsókn sinni á hversdagslífi sem aðskiljanlegs forms lífs, en síðastnefnda rannsóknin tók mið af konum en ekki kynjamun auk þess sem hún smættaði allt niður í hagfræði.

Milli umhyggju og unaðar

Díalektískur skilningur á því sem skilgreinir kynferðislega ást er miðlægur í rannsókn minni. Tilvist dýrategundarinnar og enn fremur grundvallarhluti eða *straumur* í félagslegri tilveru einstaklinga, gera ráð fyrir kynlífi sem virku afli. Í þrengsta skilningi kemur þetta fram í erótískum tengslum tveggja einstaklinga og krefjandi erótískri þörf fyrir aðgang að líkama og huga hins. Þegar ég leitaði að viðeigandi orði yfir þá félags-kynferðislegu hegðun sem greina má í daglegu lífi sem og í heimi hugtakanna, notaði ég fyrst orðið „umhyggja“. En það nægði ekki. Hinn sérstaka erótíska kynferðisþátt vantaði. Líta má á *umhyggju* sem annan tveggja meginhluta eða -þátta ástarinnar, en hinn væri erótískur *unaður*. Að horfa á þetta frá þessu sjónarmiði gerir okkur kleift að ná utan um innri aflfræði og mótsagnir ástarinnar.

Skipan gagnkynhneigðra ástarsambanda í nútímasamfélagi leiðir til þess að þessir tveir þættir ástarinnar – umhyggja og unaður – eru í sífelldri innbyrðis mótsögn eða andstöðu. Þegar einstakar konur og karlar (lagalega frjáls

⁴⁵ Anna Guðrún Jónasdóttir, „Feminist questions, Marx’s method and the theorisation of “love power”“, bls. 77–79.

⁴⁶ Liselotte Jakobsen, *Livsform, kön och risk. En utveckling och tillämpning av realistisk livsformsanalys*, Lund: Arkiv, 1999.

⁴⁷ Jonas Axelsson, *Dominanser: En utveckling av den realistiska livsformsteorin*, Karlstad: Karlstad University Studies, 2009.

⁴⁸ Liselotte Jakobsen og Jan Ch. Karlsson, *Arbete och kärlek. En utveckling av livsformsanalys*, Lund: Arkiv, 1993.

⁴⁹ Thomas Højrup, *State, Culture and Life-Modes. The Foundations of Life-Mode Analysis*, Aldershot: Ashgate, 2003.

og jöfn) mætast sem kyn eru kerfislægar aðstæðurnar ekki jafnar. Í ríkjandi formi þess konar sambanda neyðist „Konan“ til að skuldbinda sig til að veita elskandi umhyggju til þess að „Karlinn“ geti upplifað unað. Fyrir „Konuna“ er það ekki jafn viðurkennt að hún megi stunda unað sem kynvera sem er sjálfmiðuð og sjálförugg, en *til að svo megi vera þarf hún umhyggju karla*. (Og þetta er mjög mikilvægt!). Aftur á móti knýr kerfislæg staða karla þá til takmarkalausrar þrár eftir unaði (sem leið til sjálfsstyrkingar og útvíkkunar á sjálfum sér: í dag myndum við ef til vill segja „frammistöðu“), á meðan þeir hafa tilhneigingu til að telja það byrði og hömlur að veita konum umhyggju, eyðslu á tíma og orku sem þarf að „fara vel með.“

Réttmætur aðgangur að unaði og ástundun hans virðist vera forsenda þess að njóta virðingar sjálfs og annarra í vestrænum nútímasamfélögum, en megineinkenni þeirra er „vöxtur“ eða fremur „útþenslustefna“ (í stjórnumunarfræðum nútímans heitir þetta „frammistöðuprinsippið“). Í slíkum samfélögum eru einstaklingar sögulega mótaðir á þann veg að þeir eru neyddir til að *skapa* sjálfa sig, ef svo má að orði komast. Þeir þurfa að *eigna sér* stöðu sína og tryggja hana innan stigveldis í gegnum persónulega hæfni. Enn fremur virðist sem kynferðislegt/erótískt sjálföryggi, getan til að vera einstaklingur með þrá, gegni vaxandi lykilllutverki í því hvernig fólk er búið til eða framleitt með þessum hætti. Forsendan fyrir því að þessi sífellt mikilvægari kynferðiskraftur geti viðhaldist og vaxið er að hann fái að verða til og sé hlaðinn sérstöku virði. Ysta uppspretta virðisins er umhyggja: ástrík umhyggja fyrir einstaklingnum sem þráir sem sérstök manneskja. Í því félagslega og pólitíska kerfi (karlveldis) sem nú ríkir eru karlmenn í valdastöðu sem veitir þeim aðgang að þess konar valdeflingu en það á ekki við um flestar konur.

Hið mikilvæga er að það sem einkennir kynferðislega ást, þegar hún er skilgreind á díalektískan hátt sem umhyggja og erótískur unaður, er að hún er (mögulega) sjálfmiðuð um leið og hún beinist samtímis að öðrum. Þessi leið til að fjalla fræðilega um félagslegt eðli kynferðislegrar ástar er í grundvallaratriðum frábrugðin því að hugsa um ást út frá andstæðunni mann-gæsku gegn sérplægni.

Ástarkraftur sem tegund krafta

Í samræðu minni við fræðimenn sem fjalla um hið margvíslega fyrirbæri „power“ (Lukes, Wrong, Dahl, Barry og fleiri, þar á meðal Foucault) hef ég greint hvernig almennt er talað um fyrirbærið, eins og það er skilgreint í *Webster's Dictionary* en líka með dæmum úr dagblöðum og öðrum fjöl-

miðlum. Í *Webster* er sagt frá 26 mismunandi leiðum til að nota orðið. Til viðbótar eru ýmis önnur orð nefnd, svokölluð „valdaorð“ (e. *power terms*), eins og hæfni, geta, kraftur, orka, áhrif, kennivald, drottun og fleiri sem álitin eru náskyld orðinu vald. (Þau eru samheiti eða merking þeirra skarast.) Hvergi í hinum langa lista yfir „valdaorð“ eða orðasambönd í *Webster* er nefndur kraftur ástarinnar eða vinnukraftur. Af tuttugu og sex mismunandi dæmum um notkun orðsins, gefa tvö þeirra víðustu merkinguna: 1. hæfni til að gera eða framkvæma; geta til að gera eða áorka einhverju, og 2. kraftur í almennri merkingu (það er *powers* í fleirtölu), sérstök hæfni eða geta líkama eða huga: sköpunarkraftur, orðkynngi. Á eftir fylgja tuttugu og fjórar aðrar leiðir til að nota orðið, allar meira eða minni sérhæfðar fyrir mismunandi svið: stjórnsmál, lagaleg, hernaður, tækni, líkamleg, stærðfræði, sjónfræði, guðfræði og önnur.

Á grunni athugunar minnar á því hve „valdaorð“ eru notuð á fjölbreyttan hátt í daglegu tali, andæfi ég *einbæfum skilgreiningum* á valdi í fræðilegum ritum, en þessar einþættu skilgreiningar birtast á margvíslegan hátt. Í staðinn býð ég upp á *fjölpætta* leið til að hugsa fræðilega um vald og mannlega krafta, sem greinir á milli vald- og kraftforma sem af mismunandi *tagi*. Þannig eru það ekki aðeins þau mismunandi form sem mannlegir kraftar og vald geta tekið á sig á tilgreindum sérsviðum, heldur einnig almennasta mannlega valdið/krafturinn – „getan til að gera“, „hæfni til að framkvæma eða áorka einhverju“ – sem geta verið til á mismunandi hátt. Þessi fjölpætta merking er ekki aðeins áhugaverð fyrir heimspekilegar ritgerðir, heldur einnig fyrir þróun nýrra kenninga um samfélag og stjórnsmál, þar sem pólitísk kynverund, ást og kynjað athæfi eru talin merkingarbærar víddir í samfélögum heims. Skilningur af því tagi gæti hjálpað okkur að þokast fram á við og koma meiru til leiðar í hinum mörgu „óloknu byltingum“ sem eiga sér nú stað í „heimi kynlífs og nándar.“⁵⁰ Ég er sammála Weeks um að af þeim öllum er það „kyngervisbyltingin“, baráttan við að grafa undan drottun karla yfir konum, sem er sú sem leggur grunninn að framförum í allri annarri (kynferðislegri) baráttu.

*Berglind Rós Magnúsdóttir
og Torfi H. Tulinius þýddu*

⁵⁰ Jeffrey Weeks, *The World We Have Won. The Remaking of the Erotic and Intimate Life*, bls. 7.